

# SJÓNAUKINN

18. ÁGÚST 2021 - 24. ÁGÚST 2021

• 32. tölublað • 36. árgangur •

## RÉTTIR hefjast – Verði ykkur að góðu !

RÉTTIR food festival 2021- 10 daga matarhátíð á Norðurlandi vestra, er hafin. Hátíðin var sett á laggirnar sumarið 2019 og þar sýna matvælaframleiðeiðendur og veitingastaðir á svæðinu heimafólki og gestum sínar bestu hliðar í mat og drykk.

Í ár fer hátíðin fram frá 13. til 22. Ágúst með fjölda viðburða á öllu svæðinu. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ráðherra ferðamála, sem dró fána hátíðarinnar að hún við veitingastaðin Sjávarborg á Hvammstanga s.l. fimmtudagskvöld.

Hátíðin í ár er býsna fjölbreytt þar sem gestgjafar eru ýmist að hampa því, sem þeir eru að fást við dagsdaglega og þá jafnvel með einhverju nýju tvisti eða eru hreinlega að kynna eitthvað nýtt. Kynning á nýlegri ostavinnslu á Brúnastöðum í Fljótum eða námskeið í bruggun á Kombucha heilsudrykk vekja eflaust forvitni margra. En svo eiga „gamli kunningjar“ eins og Bílakaffihlaðborðið í Stóragerði eða þriggja rétta seðillin „Brot af því besta“ hjá Sjávarborg á Hvammstanga eftir að gleðja marga bragðlaukana.

Það er sérlegt ánægjuefni að tveir glænýir veitingastaðir, Retro mathús á Hofsósi og Harbour restaurant á Skagaströnd, taki þátt og verði með viðburði á hátíðinni.

Upplaggið að hátíðinni er mjög nálægt uppruninum, þrátt fyrir aðstæður, en gestgjafar eru spenntir að fá að sýna og sanna hversu vel Norðurland vestra býr þegar kemur að matvælum úr héraði og hugmyndaríkum veitingamönnum og -konum.

Við ítrekum að allir gestgjafar eru mjög vakandi um að sinna öllum þeim ráðstöfunum, sem aðstæðurnar þessar vikurnar kalla á og við væntum þess að gestir sinni því á sama hátt.

**Frekari upplýsingar gefur Þórhildur M. Jónsdóttir verkefnisstjóri  
– sími 863 3655**

# FORSÖLUTILBOÐ

## Hús og híbýli á Hvammstanga: Húsaskrá 1898-1972 eftir Þórð Skúlason.

Forsölutilboð: 8000 kr. (almennt verð 9.900 kr.)

Í bókinni rekur Þórður Skúlason þróun byggðar á Hvammstanga frá 1898 til 1972. Þórður er gjörkunnugur byggð og mannlífi á þessum gamla verslunarstað, enda borinn þar og barnfæddur.

Hann hefur víða leitað fanga, bæði í opinberum gögnum og óbirtum heimildum, en þó ekki síst með samtölum við eldri og yngri Hvammstangabúa.

Í bókinni er rakin saga um 180 húsa á Hvammstanga -húsa sem enn standa og einnig þeirra sem hafa horfið af sjónarsviðinu í tímans rás. Sagan er krydduð með kátlegum mannlýsingum og fróðlegum lýsingum á mannlífi fyrri tíðar á Hvammstanga. Bókin er 287 bls. og prýdd fjölda ljósmynda af húsum og umhverfi, bæði gömlum og nýjum.

**Hægt er að kaupa bókina á forsölutilboði til  
25. ágúst á heimasíðu útgáfunnar [www.skridabokautgafa.is](http://www.skridabokautgafa.is)**

**í gegnum tölvupóst á netfangið  
[skridabokautgafa@gmail.com](mailto:skridabokautgafa@gmail.com)**

**eða í síma 865-4098**

Þeir sem kaupa bókina í forsölu fá eintakið áritað af höfundi.

Útgáfa bókarinnar er styrkt af Húsafriðunarsjóði, Fræðafélagi Vestur-Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra

Skriða bókaútgáfa

# Aðalfundur Kvenfélagsins Iðju 2021

Aðalfundur Kvenfélagsins Iðju verður haldinn í Ásbyrgi  
Þriðjudagskvöldið 24. ágúst kl 20:30

## Dagskrá

Venjuleg aðalfundarstörf

Kosningar

Önnur mál

Léttar veitingar í boði stjórnar

## Stjórn Kvenfélagsins Iðju

*Skrúðvangur*

Formlegum opnunartíma í Skrúðvangi gróðurhúsi þetta sumarið er lokið. Við erum þarna þó mest allan daginn og eigum til allskonar góðgæti. Alveg óhætt að koma við eða vera í sambandi í síma 6559051, í gegnum tölvupóst [ber@skrudvangur.is](mailto:ber@skrudvangur.is), Instagram eða Facebook.

Vörur frá Skrúðvangi verður hægt að panta á [skrudvangur.is](http://skrudvangur.is) og eru einnig til í KVH.

**Áskriftarkassinn, Skrúðvangskassinn, heldur áfram og er auglýstur hverju sinni á [skrudvangur.is](http://skrudvangur.is).**

Þökkum viðskiptin hingað til, okkar ánægja liggur að miklu leiti í að geta veitt nærsamfélaginu möguleika á að neyta matar sem ræktaður er lífrænt, í næsta nágrenni.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

## Vigdís Þorsteinsdóttir

Lækjargötu 10, Hvammstanga andaðist  
laugardaginn 24. júlí á Heilbrigðisstofnun  
Vesturlands Hvammstanga

Útförin fór fram í kyrrþey vegna fjöldatakmarkana. Starfsfólki Sjúkrahússins á Hvammstanga eru færðar bestu þakkir fyrir umönnun og hlýju.

Guðrún Þ. Guðmundsdóttir    Árni Björn Ingvarsson  
Kristín H. Guðmundsdóttir    Birgir Ævar Einarsson  
Garðar Þ. Guðmundsson    Róberta Gunnþórsdóttir  
Edda Heiða Guðmundsdóttir  
Inga M. Guðmundsdóttir    Elvar Hallgrímsson  
Anna M. Guðmundsdóttir    Þór Oddsson  
Davíð E. Guðmundsson    Auður S. Jónsdóttir  
Elinbjörg Kristjánsdóttir  
Kristín Einarsdóttir  
og ömmubörnin.

Auglýsingar í Sjonaukann verða að hafa borist fyrir miðnætti á mánudögum. Lauflétta verðskrána má finna inná [sjonaukinn.is](http://sjonaukinn.is)